

## 4. fulltrúaráðsfundur Landssambands ungmennafélaga

29. janúar 2019, Hitt Húsið, Reykjavík kl. 18:15

**Mætt eru:** SÍF: Ólafur Hrafn Halldórsson, SUF: Hildur Guðbjörg Benediktsdóttir, JCI: Kjartan Hansson, SHÍ: Sonja Sigríður Jónsdóttir, Uppreisn: Geir Finnsson, UU: Pétur Halldórsson og UP: Sigmundur Þórir Jónsson.

**Fulltrúar stjórnar:** Varaformaður: Laufey María Jóhannsdóttir (LMJ), gjaldkeri: Marinó Örn Ólafsson (MÓÓ), alþjóðafulltrúi: Ragnheiður Kristín Finnbogadóttir (RKF), málefnafulltrúi: Páll Maris Pálsson (PMP), upplýsingafulltrúi: Inger Erla Thomsen (IET) og framkvæmdastjóri: Tinna Isebarn (TI).

*Fundarstjóri: Laufey María Jóhannsdóttir, formaður fulltrúaráðs*  
*Fundur settur: 18:20*

### Dagskrá:

- 1. Drög að dagskrá 4. fulltrúaráðsfundar** var samþykkt óbreytt.
- 2. Vangaveltur um nýtt húsnæði:** Fulltrúaráð veitti jákvæð viðbrögð en ítrekuðu áhyggjur af ófullnægjandi almenningsamgöngum.
- 3. Félagi ársins 2018:** IET kynnti viðburðinn og hvatti til þátttöku.
- 4. Gögn fyrir sambandsþing:**
  - 4.1. Drög að skipulagsgerð leiðtogaskólans:** LMJ kynnti drögin fyrir ráðinu og opnaði fyrir umræðu. JCI lagði til að nefna skjalið „Reglugerð Leiðtogaskóla Íslands“ og var sú tillaga samþykkt. JCI lagði einnig til að reglugerðin verði undirrituð af stjórn, en tillaga TI um að reglugerðin fari fyrir sambandsþing sem tillaga frá fulltrúaráði var samþykkt.
  - 4.2. Drög að starfsreglum alþjóðanefndar:** RKF kynnti reglurnar fyrir ráðinu og LMJ opnaði fyrir umræðu. Engar athugasemdir bárust og samþykkt var að reglurnar fari fyrir sambandsþing sem tillaga frá fulltrúaráði.
- 5. Fulltrúi LUF í samráðshópi Umboðsmanns barna um Barnaþing:** LMJ kynnti samráðshópin fyrir ráðinu og kallaði eftir tillögum. SHÍ lagði til að LUF auglýsi eftir fulltrúa og skipi hæfasta umsækjandann. Tillaga SHÍ var samþykkt.
- 6. Sambandsþing 2019:** TI fer yfir mikilvægar dagsetningar er varðar þingið.
- 7. Önnur mál:** UU og SÍF spyrja hver staðan sé á stjórnsýslukæru LUF til atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytisins. TI skýrir að vegna flutninga hafi svar frá ráðuneytinu ekki borist félaginu eftir að frestur til að neyta andmælaréttar var liðinn. Þó standi til að svara bréfinu við fyrsta tækifæri, einkum því í ljós hafa komið nýjar málsástæður þar sem m.a. hefur umsókn UMFÍ um einkaleyfi á heitinu „Landssamband ungmennafélaga“ verið hafnað hjá Einkaleyfastofu. SÍF vekur athygli á að formaður stjórnar sé undir 18 ára og að félagið bíði niðurstöðunnar í von um að eiga kost á að skrá stjórn sína lögformlega.

*Fleira ekki rætt og fundi slitið 19:35*  
*IET ritaði fundargerð.*